

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

6. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 25. febrúar 2008 kl. 13.20.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson

Mosfellsbær: Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson og Kristinn Guðmundsson

Kjósarhreppur:

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson og Geir Marelsson Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Haraldur Sigurðsson, Reykjavík og Guðmundur Malmquist sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Lögð var fram fundargerð 5. fundar frá 8. febrúar sl. og var hún samþykkt samhljóða.
2. Glæðheimalóð, Kópavogi. Breyting á svæðisskipulagi. Lagðar fram breytingar á umsögn um athugasemdir við auglýsta tillögu, sem fram hafa komið við yfirllestur VST (sendar í tölvupósti viku fyrir fund). Einnig lagt fram bréf skipulagsnefndar Kópavogs frá 25. febrúar 2008 og bókun skipulagsnefndar Garðabæjar 20. febrúar 2008. Miklar umræður urðu um málið þar sem flestallir fundarmenn tóku til máls. Niðurstaða varð sú að óska eftir að 6 vikna frestur nefndarinnar til afgreiðslu (sbr. 13.gr., 3.mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.) yrði lengdur í 8 vikur og tíminn notaður til að finna lausn sem nefndarmenn gætu sameiginlega staðið að. Í lok umræðna kom fram að mikil þörf væri á að taka til umræðu hvort ekki sé kominn tími á að hefja heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Samþykkt var að taka málið á dagskrá á næsta reglulega fundi nefndarinnar. Í lok fundarins fól formaður ritara að senda strax út fundarboð um fund 3. mars á sama stað og tíma til að ræða verulega breytingu á svæðisskipulagi vegna Glæðheima.
3. Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 3. mars 2008, kl. 13.15. Fundarstaður er Borgartún 3 Reykjavík

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20